



11. fundur stjórnar LH 2024-2026

19. febrúar 2025 kl. 12:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Reynir Atli Jónsson, Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Fjarverandi vegna vanhæfi: Linda Björk Gunnlaugsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson,

Fjarverandi: Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Varaformaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samningur Spretts og Alendis um Áhugamannadeild Spretts - erindi frá Alendis ehf.

Skv. erindi Alendis var gerður samningur milli Alendis og Áhugamannadeildar Spretts í nóvember 2023. Ágreiningur er milli aðila um gildistíma samningsins. Alendis óskar eftir að LH taki afstöðu til hvort stjórn Spretts hafi brotið gegn lögum LH um stjórnarhætti og lýðræðislega ákvörðunartöku.

Afgreiðsla: Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en málið varði einkaréttarlegan ágreining á milli Alendis ehf. og Hestamannafélagsins Spretts vegna kaupa á þjónustu. Stjórn LH telur það ekki samrýmast hlutverki LH að fjalla efnislega um málið. Samþykkt að vísa málinu frá.

Fundi slitið kl. 12:16